

FUNDARGERÐ

- Nefnd:** Framkvæmdanefnd
- Efni:** Endurmat, afturvirkni endurmats slökkviliðsstarfa, starfsreglur starfsmats o.fl.
- Viðstaddir:** Berglind Eva Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Auður Lilja Erlingsdóttir, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Bjarni Bjarnason, Signý Jóhannesdóttir, Árni Egilsson, Jakobína Björnsdóttir.
- Fundardagur:** 26.10.2015
- Tími:** 11:00 – 13:00
- Fundarstaður:** Allsherjarbúð, Borgartúni 30

Á dagskrá:

Athugasemd frá Akureyrarbæ varðandi starfsheiti 6000-19 Skrifstofufulltrúi II (áður Móttaka á Heilsugæslustöð)

- Um var að ræða rugling varðandi starfsheitið 6000-19 Skrifstofufulltrúi II og svo útgefið starf (fyrir mörg sveitarfélög) sem einnig er Skrifstofulltrúi II.
- Sú lína sem gildir fyrir starfið er sú sama og var metin fyrir starfsheitið Móttaka á Heilsugæslustöð.

1400-77 Afgreiðslufulltrúi á safni : endurmat samþykkt.

338 60 26 39 26 26 10 30 10 26 13 13 39 20

Afturvirkni á mati slökkviliðsstarfa (Deildarstjóri, Aðalvarðstjóri, Varðstjóri og Eldvarnareftirlit/Verkefnastjóri)

- Umræða vegna afturvirkni á endurmati slökkviliðsstarfa og hvort skipta ætti afturvirkninni í „fyrir kerfisbreytingar“ (fyrir 1.maí 2014) og „eftir kerfisbreytingar“ (eftir 1.maí 2014) eða hvort endurmatið ætti að ná óbreytt aftur til dagsetningarinnar 20.júní 2013.
- Komist var að niðurstöðu með eftirfarandi samþykkt:

Framkvæmdanefnd starfsmats er sammála um að ný störf sem eiga inni beiðni um starfsmat frá því fyrir 01.05.2014 og höfðu ekki farið í gegnum mat þegar að kerfisbundinni endurskoðun starfsmatskerfisins var lokið verði metin eftir endurskoðuðu kerfi. Starfsmatsniðurstaða gildir frá þeim degi sem beiðnin, ásamt fullnægjandi gögnum, var móttakin af starfsmatsráðgjafa.

Mat á störfum deildarstjóra, aðalvarðstjóra, varðstjóra og eldvarnarfulltrúa/verkefnastjóra innan LSS sem samþykkt var á fundi Framkvæmdanefndar starfsmats 12. október 2015 gildir skv. þessu frá 20. júní 2013.

Farið var yfir og skoðaðar athugasemdir við Starfsreglur starfsmats og framkvæmdanefndar.

- Rætt um aðkomu stéttarféлага að endurmatsbeiðni fyrir störf – að fulltrúi frá viðkomandi stéttarfélagi sem starfið tilheyrir þurfi að undirrita endurmatsbeiðni, líkt og starfsmaður og yfirmaður gera.
- Niðurstaðan var sú að í stað þess að endurmatsbeiðni verði að vera undirrituð af stéttarfélagssfulltrúa viðkomandi stéttarfélags að þá verði sett inní verklag Verkefnastofu starfsmatsins að við móttöku endurmatsbeiðna verði tilkynning um hana send til þess stéttarfélags sem á í hlut.
- Rætt um að þó svo starfsheiti séu merkt ákveðnum starfsmönnum með nafni þá gildi sú starfslýsing einnig fyrir aðra starfsmenn sem gegna tilteknu starfi (eru í tilteknu starfsheiti) og/eða eru ráðnir í tiltekið starfsheiti síðar.

Fundi slitið kl.12:50